

Nd.

306. Breytingartillögur

við frv. til l. um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frá Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsg.:
Stéttasamband skal vera opið öllum stéttarfélögum eftir nánar þar um settum reglum í samþykktum sambandsins, allir meðlimir stéttarfélaganna skulu kjörgengir til allra stjórnarstarfa og trúnaðarstarfa sambandsins og félaga þess, án tillits til þess, hvaða stjórnarálflokki þeir fylgja eða tilheyra.

2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
 Atvinnurekendum eða trúnaðarmönnum skal óheimilt að velja verkamenn til vinnu með tilliti til pólitískra skoðana þeirra eða reyna að hafa áhrif á stjórnmalaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu og afskipti af stéttar- eða stjórnmalafélögum eða vinnudeilum með
 - a. uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn,
 - b. fjárgreiðslum, loforðum um hagnað eða neitunum á réttmætum greiðslum.
 Nú brýtur atvinnurekandi eða trúnaðarmaður hans þetta ákvæði að dómi viðkomandi verk lýðsfélags, og má þá trúnaðarmaður verk lýðsfélagsins ákveða, hvaða verkamenn skuli verða í vinnu hjá viðkomandi atvinnurekanda, hvenær sem ágreiningur kemur upp um það.
3. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist:
 Nú neitar atvinnurekandi eða atvinnurekendur að semja við viðkomandi verk lýðsfélag, og hefir þá félagið rétt til að auglýsa kauptaxta, er samþykktur hefir verið á löglegum fundi þess, og skal þá taxti þessi gilda að öllu leyti sem löglegur samningur beggja aðilja og öðlast að öllu leyti sama rétt og slíkum samningum fylgir í lögum þessum.
4. Við 8. gr. Greinin falli burt.
5. Við 9. gr. Í öðrum másl. 1. málsgr. komi í stað orðsins „atvinnurekandi“: verkafólkið á vinnustöðinni.
6. Við 9. gr. Síðasti másl. fyrstu málsgr. („Þetta ákvæði . . . lögskrá á“) falli burt.
7. Við 11. gr. Aftan við greinina bætist:
 Nú fækkar atvinnurekandi starfsfólki, og er honum þá óheimilt að segja upp trúnaðarmönnum, meðan nokkrir verkamenn eru eftir á vinnustöðinni.
8. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
 Heimilt er stéttarfélögum að gera verkföll í hverjum þeim tilgangi, sem félagið ákveður, enda brjóti það ekki í bága við lög. Verfall er löglegt, ef samþykkt er með meiri hluta atkvæða á lögmatum félagsfundi eða af félagsstjórn, sem hefir umboð frá lögmatum fundi til slíkra aðgerða.
9. Við 15. gr. Greinin falli burt.
10. Við 16. gr. Greinin falli burt.
11. Við 17. gr. Greinin falli burt.
12. Við 18. gr. Aftan við greinina bætist: eða með aðstoð annara manna.
13. Við 30. gr. Aftan við greinina bætist:
 Heimilt skal fulltrúum verk lýðsfélaga, ef þeir óska þess, að birta á prenti sáttatillögur sáttasemjara, áður en þær verði ræddar á fundi félagsins.
14. Við 32. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
 Miðlunartillaga telst felld, ef helmingur af greiddum atkvæðum eða meira er á móti henni, en samþykkt, ef meira en helmingur er með henni.
15. Við 34. gr. Greinin falli burt.
16. Við 38.—69. gr. Greinarnar falli burt.